
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



2. Árg. 3 tbl. apríl 2022

“Kemur ekki vor að liðnum vetri?”

Vörðukórinn lýkur vetrarstarfi sínu með tónleikum í Skálholti miðvikudagskvöldið 13. apríl n.k. kl 20:00.

Fjölbreytt dagskrá með verkum eftir Bob Chilcott, Hildigunni Rúnarsdóttur, Þorkel Sigurbjörnsson, Loft S. Loftsson, Ján Ásgeirsson ofl. Von, kærleikur, ást og friður.

Stjórnandi kórsins er sem fyrr Eyrún Jónasdóttir og undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir. Sérstakir gestir Vörðukórsins á tónleikunum eru Krístrún Steingrímsdóttir og Joel Durksen.

Aðgangseyri kr 3000, ókeypis fyrir 12 ára og yngri.

Hlökkum til að sjá ykkur og njóta góðrar tónlistar í aðdraganda páska

Vörðukórinn

Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða – og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Umsjón: Hrönn Jónsdóttir

Hestamannafélagið Jökull

Fyrsti Aðalfundur hestamannafélagsins Jökuls fór fram 3. mars. Á fundinum fór fram kosning á nafni félagsins. Fyrst var kosið um öll nöfnin sjö, sem starfsstjórn hafði tilnefnt, Frigg, Hestamannafélag Uppsveita, Jökull, Kjölur, Krapi, Skör og Prenning. Í seinni umferð var kosið um þau tvö nöfn sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð, en það voru nöfnin Jökull og Kjölur. Kosningin fór þannig að nafnið Jökull hlaut flest atkvæði.

Guðni Halldórsson formaður LH og Hákon Hákonarson gjaldkeri LH komu á fundinn og færðu félaginu góðar gjafir í tilefni dagsins, hestvænan búnað fyrir hindrunarstökk og brokkspírur sem eiga eftir að nýtast vel í starfi félagsins og sérstaklega æskulýðsstarfinu.

Kosning stjórnar fór þannig að Bragi Viðar Gunnarsson, Túnsbergi var kjörinn formaður, aðrir stjórnarmenn sem voru kjörnir:

Ólafur Gunnarsson, Helgastöðum gjaldkeri
Svavar Jón Bjarnason, Reykholti ritari
Ragnheiður Eggertsdóttir, Borg meðstjórnandi
Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir, Flúðum meðstjórnandi
Vilborg Ástráðsdóttir, Skarði meðstjórnandi
Vilborg Hrund Jónsdóttir, Böðmóðsstöðum meðstjórnandi

Mikil ánægja var á fundinum með að nýtt og sameinað hestamannafélag í uppsveitum Árnessýslu væri loksins orðið að veruleika og að sameiningin myndi lyfta grettistaki í félagsstarfi hestamanna á svæðinu.

Að lokum var sameiningarnefnd og starfsstjórn sem starfað hefur frá því síðasta sumar þökkueð góð störf.

Samvinnulistinn mun kynna stefnuskrá og eiga samtál við íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps á opnum fundum sem verða haldnir í

Brautarholti, sunnudaginn 24.apríl kl. 20:00

og

Árnesi, mánudagin 25. apríl kl. 20:00

Við hvetjum alla íbúa til að mæta.

Upplýsingar um stefnuskrá Samvinnulistans og frambjóðendur má finna á:

www.samvinnulistinn.is



1.sæti
Haraldur



2.sæti
Vilborg



3.sæti
Bjarni



4.sæti
Andrea



5.sæti
Gunnhildur



6.sæti
Vilmundur



7.sæti
Ísak



8.sæti
Bjarki



9.sæti
Haraldur




10.sæti
Birna

Minum á páskabingó kvenfélags Gnúpverja

Skírdag **14. apríl** kl **11:00**



Vinsamlegast komið með pening því að enginn posi er á staðnum, spjaldið kostar 500 kr.



Starfskraft vantar í sauðburð

Mig vantar aðstoð við sauðburð, frá 10 -12 maí til c.a 26 maí.

sigrunfossnes@gmail.com og sími 895-8079

Sigrún í Fossnesi

Opnunartími sundlauga um páskana:

Neslaug

Föstudagurinn langi opið kl. 13-18

Laugardagurinn 16. apríl opið kl. 13-18

Páskadagur opið kl. 13 -18

Skeiðalaug

Skírdagur opin kl. 18-22

Annar í páskum opið kl. 18-22

Starfskraftur óskast í sundlaugar sveitarfélagsins

Um er að ræða 50% starf í Neslaug og Skeiðalaug tímabilið 15. júní – 15. ágúst. Umsækjandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og standast hæfnispróf í sundi og skyndihjálpi fyrir sundverði.

Frekari upplýsingar um starfið gefur Eyþór í síma 897-1112 eða í netfanginu eythorb@gmail.com

Þakkir til Lionsklúbbsins Dynks

Starfsmenn og íbúar í Skafttholti vilja hér með koma á framfæri kærum þökkum til Lionsklúbbsins Dynks fyrir höfðinglega gjöf í nóvember sl.

Styrkurinn nam 500 þús. kr. og var nýttur til kaupa á nýrri eldavél.

Ekki nóg með það heldur leituðu þeir tilboða, skoðuðu vélar sem komu til greina og þegar vélin kom þá mættu þeir félagar og skiptu út gömlu vélinni og tengdu nýju.



Hér má sjá Kirsten Jennerich, stjórnarkona í Skafttholti, taka við gjafabréfinu af Haraldi Ívari formanni Dynks



Hér eru þeir Sigvaldi Kaldalón formaður verkefnanefndar Dynks og Haraldur Ívar Guðmundsson formaður klúbbsins.

Hreinsunarátak

Í samstarfi við Íslenska Gámafélagið stendur sveitarfélagið fyrir hreinsunarátaki. Dagma 15. maí og fram að sveitahátíðinni 16. júní stendur bændum til boða að fá járnagáma heim á bæ endurgjaldslaust í 2 daga. Þeir sem hafa áhuga á að fá gám eru beðnir um að láta vita í netfangið hronn@skeidgnup.is

Víkuna 10. – 16. júní verður frítt að koma með sorp á gámasvæði sveitarfélagsins.

Aðalfundur Búnaðarfélags Skeiðamanna

Fundurinn verður haldinn í Bókasafninu í Brautarholti, miðvikudaginn 20. apríl klukkan 20.30

Dagskrá

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur 2021

Kosning

Önnur mál

Stjórn Búnaðarfélags Skeiðahrepps

Fréttir frá Þjórsárskóla

Fimmtudaginn 10. febrúar fórum við með nemendum á skíði í Bláfjöll. Við vorum heppin með veður og gleði einkenndi hópinn. Allir fóru á skíði, sumir í fyrsta skipti og voru því margir sigrar unnir þennan dag.



Á öskudaginn var haldin skemmtun í Árnosi þar sem var mikið fjör, dansað, kötturinn sleginn úr tunnunni og í lokin fengu allir glaðning frá foreldrafélaginu. Nemendur í 4. og 7. bekk þjuggu til tunnurnar og 7. bekkur stýrði leikjum og tónlist á ballinu.

Nú á vordögum fékk 1. bekkur hjálma að gjöf frá Lions hreyfingunni á Íslandi.



Stóra upplestrarkeppnin:

Markmið upplestrarkeppninnar í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Valdir hafa verið nemendur úr 7. bekk til þess að fara og taka þátt í stóru upplestrarkeppninni sem haldin verður á 26. apríl í Flóaskóla.

Nemendur stóðu sig allir ljómandi vel í undankeppninni en Jóhann Ívar, Arnór og Valgeir fara áfram í stóru keppnina fyrir hönd skólans, til vara er Guðmundur.



Í vikunni fyrir páskafrí vorum við svo heppin að Valgerður á Húsatóftum kom til okkar með útungunarvél. Allir fengu tækifæri til þess að fylgjast með litlum ungum, sumum að klekjast út úr eggjum.

Daginn fyrir páskafrí voru spjöld með nöfnum nemenda falin á skólalóðinni og allir fóru út og leita að nafninu sínu. Þegar spjöldunum var skilað inn þá fengu börnin lítil páskaegg.



Söfnun fyrir börn í Úkraínu.

Harpa Kaldalón Björnsdóttir 10 ára íbúi í Árnasi safnaði í síðasta mánuði peningum fyrir börn frá Úkraínu með því að ganga í hús í götunni sinni og selja myndir sem hún hafði litað eða málað sjálf, auk þess að selja nokkrar myndir á facebook.



Hún vill þakka nágrönnum fyrir góðar móttökur, sem gerðu henni kleift að safna samtals **20.950 krónur** og hefur upphæðin hefur verið lögð inn í neyðarsöfnun Rauða krossins.

Allt fjármagn sem safnast í neyðarsöfnun Rauða

Krossins verður nýtt til að

mæta þörfum þolenda átakanna í Úkraínu og veita neyðarþjónustu eins og tryggja aðgengi að mat, vatni, heilbrigðisþjónustu, húsaskjóli og veita sálrænan stuðning.

Söfnunin nær einnig yfir hjálparstarf Rauða krossins fyrir flóttafólk á Íslandi (*sótt 22.03.22; redcross.is*).



Helgihald í Hrunaprestakalli í apríl 2022

Föstudagurinn langi 15. apríl: Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju kl. 13-17. Fjölmargir lesarar koma að og boðið upp á kaffi og veitingar í safnaðarheimili á meðan á lestri stendur.

Páskadagur 17. apríl: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8. Morgunkaffi á eftir í safnaðarheimili.

Hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

Sumardagurinn fyrsti 21. apríl: Fjölskylduguðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 11. Sumri fagnað!

Allir hjartanlega velkomnir!
Sóknarprestur

Er veggurinn fyrir þér?

Tek að mér steinsögun og kjarnaborun

Hafið samband fyrir verð og frekari upplýsingar

Gylfi Sigríðarson
Sími: 8691118
netfang: gylfilsig@gmail.com



U - Listi Umhyggju, umhverfis og uppbyggingar vill stuðla að framsýnni uppbyggingu samfélagsins í Skeiða- og Gnúpverjahreppi með langtíma markmið og umhyggju fyrir velferð íbúa að leiðarljósi. Við stefnum að samfélagi sem stuðlar að því að sem flestir þroskist og dafni og geti séð líf sitt og sinna í sveitinni okkar til lengri tíma. Umhverfi, náttúra og auðlindir skapandi og gagnrýnnar hugsunar, eru að okkar mati hornsteinn framtíðar uppbyggingar og velferðar í samfélagi okkar.

Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur yfirfarið og samþykkt eftirfarandi framboðslista til sveitarstjórnar:

E – listi, Uppbyggingar

1. Gunnar Örn Marteinsson	Steinsholti 2
2. Sigríður Björk Gylfadóttir	Steinsholti 1
3. Hannes Ólafur Gestsson	Kálfhóli 2
4. Kristjana Hayden Gestsdóttir	Hraunteigi
5. Guðmundur Arnar Sigfússon	Vestra-Geldingaholti
6. Atli Eggertsson	Laxárdal 1B
7. Sigríður Björk Marinósdóttir	Þrándarholti
8. Raket Þórarinsdóttir	Ártúni
9. Karen Kristjana Ernstdóttir	Holtabraut 8
10. Páll Ingi Árnason	Leiti

L – listi, Samvinnulistinn

1. Haraldur Þór Jónsson	Hraunvöllum
2. Vilborg M. Ástráðsdóttir	Skarði
3. Bjarni H. Ásbjörnsson	Hraunbrún
4. Andrea Sif Snæbjörnsdóttir	Hlemmiskeiði 6
5. Gunnhildur F. Valgeirsdóttir	Áshildarvegi 29
6. Vilmundur Jónsson	Holtabraut 18
7. Ísak Jökulsson	Ósabakka 2
8. Bjarki Þór Þorsteinsson	Björnskoti
9. Haraldur Ívar Guðmundsson	Reykhóli
10. Birna Þorsteinsdóttir	Reykjum

U listi, Umhyggja, umhverfi, uppbygging

1. Karen Óskarsdóttir	Minni-Mástungu 7
2. Gerður Stefánsdóttir	Réttarholti
3. Axel Árnason Njarðvík	Eystra-Geldingaholti 1a
4. Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir	Skeiðháholti 1
5. Gunnþór K Guðfinnsson	Bjarkarlaut 1
6. Kjartan Halldór Ágústsson	Löngumýri
7. Svanborg Rannveig Jónsdóttir	Stóra-Núpi 1
8. Anna María Flygenring	Hlíð
9. Klaas Stronks	Hæli 1
10. Sigrún Bjarnadóttir	Fossnes

Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja

verður haldinn í Árnesi, þriðjudaginn 19. apríl klukkan 20:30.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns
2. Tillaga að lagabreytingu
3. Skýrsla gjaldkera
4. Kosningar samkvæmt lögum félagsins
5. Kynning á breytingum á félagskerfi bænda
6. Önnur mál

Eftirfarandi tillaga að lagabreytingu hefur verið lögð fram og hér með auglýst:

9. grein **er:** Stjórnin skiptir með sér verkum, formaður, gjaldkeri og ritari, fer hún með málefni og skyldur félagsins milli aðalfunda. Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið, **skal stjórn fyrir upphaf hvers starfsárs ráða löggiltan endurskoðanda vegna reikninga félagsins komandi ár.** Stjórn heldur gjörðabók, þar skulu skráðar fundargerðir og allar þær ákvarðanir er félagið varðar. Formaður leiðir starf stjórnar, boðar til funda og er málsvari félagsins út á við.

9. grein **verður:** Stjórnin skiptir með sér verkum, formaður, gjaldkeri og ritari, fer hún með málefni og skyldur félagsins milli aðalfunda. Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. **Stjórn skal leggja fyrir aðalfund til samþykktar tillögu að ráðningu bókara og skoðunarmanns vegna reikninga félagsins komandi ár.** Stjórn heldur gjörðabók, þar skulu skráðar fundargerðir og allar þær ákvarðanir er félagið varðar. Formaður leiðir starf stjórnar, boðar til funda og er málsvari félagsins út á við.

E-listi Uppbyggingar

Fólkið á E-listanum býður fram krafta sína næstu fjögur árin til þess að efla sveitarfélagið og byggja upp til framtíðar. Við viljum efla byggð í öllu sveitarfélaginu og auka samstöðu meðal íbúa. E-listinn mun á næstu dögum kynna sínar áherslur og öll sín stefnumál.

E – lista, Uppbyggingar skipa:

- | | |
|---------------------------------|----------------------|
| 1. Gunnar Örn Marteinson | Steinsholti 2 |
| 2. Sigríður Björk Gylfadóttir | Steinsholti 1 |
| 3. Hannes Ólafur Gestsson | Kálfhóli 2 |
| 4. Kristjana Heyden Gestsdóttir | Hraunteigi |
| 5. Guðmundur Arnar Sigfússon | Vestra-Geldingaholti |
| 6. Atli Eggertsson | Laxárdal 1B |
| 7. Sigríður Björk Marinósdóttir | Þrándarholti |
| 8. Rakel Þórarinsdóttir | Ártúni |
| 9. Karen Kristjana Ernstsóttir | Holtabraut 8 |
| 10. Páll Ingi Árnason | Leiti |





Kjörskrá og kjörfundur í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Kjörskrá fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp vegna sveitastjórnarkosningar 14. maí 2022 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi frá og með 20. apríl 2022 á opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins.

Skrifstofan er opin mánudaga- fimmtudaga kl. 09.00 – 12.00 og 13.00-14.00 og föstudaga 9-12

Kjörfundur verður í Þjórsárskóla í Árnesi 14. maí næstkomandi, hann hefst kl. 10 og lýkur kl. 22

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa ef þess er óskað.

Atkvæði verða talin á sama stað, strax að kjörfundi loknum.

Athygli er vakin á því að hægt er að kjósa utan kjörfundar á öllum sýsluskrifstofum landsins.

Sýsluskrifstofan á Selfossi, Hörðuvöllum 1, er opin alla virka daga frá kl. 9.00 – 15.00